

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar vegna Eyjardalsvirkjunar.

Skipulagsstofnun staðfesti 20. janúar 2020 breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn 4. júní 2019.

Í breytingunni felst að 13,5 ha landbúnaðarsvæði og óbyggðu svæði í landi Eyjardalsár og Hlíðarenda er breytt í iðnaðarsvæði I-09 fyrir 700 kW vatnsaflsvirkjun í Eyjardalsá í Bárðardal. Lagður verður slóði að svæðinu og bætt við nýju efnistökusvæði E-48.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 20. janúar 2020.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 5. febrúar 2020